

um tillögu til þingsályktunar um húsmannamálið.

Þó mikill sje munur á húsmannastjett erlendis og hjer á landi og varlega byggjandi á erlendum skýrslum um hana og erlendri löggjöf, þá teljum vjer það æskilegt, ef þingmenn fengju aðgengilegt yfirlit yfir hag erlendra húsmanna og hverra ráða hefir verið leitað til þess, að bæta kjör þeirra. Að vísu geta margir þingmenn aflað sjer þessara upplýsinga sjálfir, en svo er þó ekki um alla.

Oss virðist það þó eigi síður nauðsynlegt, að aflað væri sem bestra upplýsinga um hag hús- og þurrabúðarfólks *hjer á landi*. Landshagsskýrslur vorar eru mjög ófullkomnar að þessu leyti. Á þeim má þó sjá, að 1906 er tala húsfólks 816 en þurrabúðarfólks 1772. Og að 255 húsmenn hafa talið fram eina kú eða fleiri og 553 þurrabúðarmenn. Þá hafa og verið heimiluð lán úr viðlagasjóði til húsmanna og þurrabúðarmanna síðustu 13 árin, sem nema alls um 130,000 kr.

Af því sem hjer er sagt, er það ljóst, að fjöldi hús- og þurrabúðarmanna hafa eina kú eða fleiri, og eflaust er brýn nauðsyn, að þeir geti allir eða sem flestir átt kú og haft mjólk handa börnum sínum og heimilisfólki. Nú er það auðsætt, að löggjöf vor tekur ekkert tillit til þessa, og hvað landstærðina snertir, sýnist hún ekki styðjast við neina heilbrigða hugsun. Fyrst var ákveðið, að landið skyldi vera 400 □ faðmar. Þetta var of stórt fyrir matjurtagarð, og of lítið fyrir tún. Síðan var stærðin ákveðin ekki minni en 900 □ faðmar og *ekki meiri* en 1800 faðmar. Þessi stærð er of litil fyrir tún, sem fóðri eina kú, jafnvel þó hámarkið sje tekið, sem ætlast er til, að sje að eins undantekning. Löggjöf vor í þessu efni sýnist oss því lítt hugsuð og þyrfti endurbóta. Mætti ákveða landið svo, að annaðhvort væri það miðað við matjurtagarða eina eða land, sem framfleytti þar á ofan 2—5 geitum, en helst 1—2 kúm.

Eins og fyr er getið hefir landið lagt töluvert af mörkum til þess, að styrkja húsmenn. Hitt er oss eigi ljóst, hver hefir orðið árangurinn af slíkum lánnum úr viðlagasjóði, en æskilegt mjög að vita, hvert þau hafa komið að tilætludum notum. Þá virðist oss vert að athuga, hvort líkur eru til þess, að húsmannastjett, í því sniði, sem tíðkast hefir, muni geta haft viðunandi tekjur, er geti sómasamlega framfleytt fjölskyldum sínum, því geti ekki hagur hennar orðið

svo rúmnr, að komist verði hjá hreinni fátækt og vesaldóm, er sist hagur í því, að ýta undir fjölguu hús- og þurrabúðarmanna. Gæti þá komið til tals, að auka landstærðina, þar sem því verður komið við, svo að býlin yrðu jarðir, er gæfu meira í aðra hönd, þó aðra atvinnu þyrfti að stunda jafnframt búskapnum.

Aðal-áhersluna viljum vjer leggja á, að stjórnin afli upplýsinga um hag húsmanna hjer á landi. Ef hún sjer síðan ástæðu til, gerum vjer ráð fyrir, að hún búi málið undir næsta þing, en ekki virðist oss, að nauðsyn bera til, að hugsa fyrir millipinganevnd i þessu máli, sist að svo stöddu.

Vjer höfum leyft oss, að gera breytingartillögu við ofangreinda tillögu í samræmi við álit vort á málinu.

Alþingi 5. ágúst 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Guðm. Hannesson,
ritari.

Björn Hallsson.

Jóhann Eyjólfsson.

Bjarni Jónsson.

Hjörtur Snorrason.

Sigurður Sigurðsson.